

ur hans í máli þessu til greina, sbr. 33. gr. stjórnarskrárinnar og 15. gr. laga nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis, sbr. og 1. gr. laga nr. 5/1962 um sveitastjórnarkosningar.

Dómur þessi er uppkveðinn af skipuðum setudómara, Stefáni Sigurðssyni hdl., samkvæmt símskeyti Dómsmálaráðuneytisins, móttæknu 24. þ. m.

Dómsorð:

Stefndu, bæjarstjórn Akraness, ber að taka nafn stefnanda, Halldórs Grímssonar, á kjörskrá þá, sem gildir við bæjarstjórnarkosningar á Akranesi 27. maí 1962.

Miðvikudaginn 14. nóvember 1962.

Nr. 19/1962. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Húbert Rósmanni Morthens

(Gunnlaugur Þórðarson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Manndráp.

Dómur Hæstaréttar:

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nýrra gagna, er lögð hafa verið fyrir Hæstarétt.

I.

Arni Björnsson, sérfræðingur í skurðlækningum, hefur að tilhlutan verjanda ákærða framkvæmt athugun á gögn-um málsins, varðandi dauða Ásbjargar heitinnar Haraldsdóttur, og í skýrslu hans 26. marz 1962 um athugun þessa segir svo:

„Af krufningarskýrslu má ráða, að höfuðorsök að dauða hafi verið miklir áverkar á lifur hinnar látnu.

Lifraráverkar geta verið beinir eða óbeinir. Með beinum áverka er átt við, að eitthvað stingist inn í lifrina utan

frá, t. d. eggjárn, og særi hana þannig. Með óbeinum áverka er átt við, að högg utan frá á brjóst eða kviðarvegg valdi því, að svo mikil hreyfing kemst á lifrina, að hún springur eða rifnar frá festum sínum. Hér hefur því verið um óbeinan áverka að ræða.

Tiltölulega lítil högg geta valdið minni háttar óbeinum áverka á lifur, einkum ef hún er stækkuð vegna sjúkdóma eða af öðrum ástæðum, svo sem óhóflegri áfengisneyzlu um langt skeið.

Til að framkalla svo mikinn lifraráverka, sem lýst er í fyrrnefndri krufningarskýrslu, virðist muni þurfa mjög mikið högg eða meira en frá hnefa, þótt fullu afli sé beitt. Hitt virðist líklegra, að látna hafi dottið eða verið hrundið á stólbrik eða borðshorn, sem hafi stungizt undir rifjabogann og þannig valdið áverka þeim, sem lýst er í krufningarskýrslunni.“

Fyrir atbeina saksóknara ríkisins var um greinda skýrslu læknisins fengin umsögn Niels prófessors Dungals, dags. 2. apríl 1922, og er meginmál hennar á þessa leið:

„Stórar lifrarsprungur, eins og sú, sem fannst hjá Ásbjörgu Haraldsdóttur, er sjaldgæft að sjá, þar sem meginhluti lifrarinnar (hægri lobus) var flettur í sundur eftir endilöngu framan frá og upp úr, og 8 cm löng sprunga var á þindinni yfir lifrinni. Slíkar stórkostlegar sprungur á lifur hef ég aldrei séð, nema í sambandi við bílslys, t. d. þar sem hjól hefur ekið yfir mann, svo að lifrin bókstaflega kremst í sundur, eins og hér virðist hafa gerzt. Þess ber að gæta, að hægra megin voru 2., 3. og 5. rif brotin, öll í ma-millarlínu, og 2. og 3. rif einnig brotin upp við hrygg.

Ég tel algerlega útilokað, að svo stórkostleg sprunga á lifrinni geti hafa stafað af því, að konan hafi rekizt á eitt-hvað, eða af því, að henni hafi verið hrundið á borðshorn eða stólbrik. Ég tel heldur engan veginn líklegt, að hún hafi getað hlotið þennan áverka, þótt sparkað hafi verið í hana sitjandi eða standandi. Til þess að kremja lifrina svona í sundur, brjóta rif og sprengja þindina hefur konan hlotið að liggja á hörðu gólfi á bakinu og miklum þunga að hafa

verið beitt skyndilega á ofanverðan kvið og brjóst hægra megin. Er vafasamt, hvort spark af öllu afli ofan á konuna hefði getað valdið þessu. Einna líklegast þætti mér, að maðurinn hefði hent sér, t. d. af stól eða borði, ofan á konuna, þannig að skór hans hafi lent á kviði og brjósti konunnar hægra megin, eða hann hafi staðið ofan á henni og hoppað á henni, þannig að hann léti fætur sína falla með fullum líkamsþunga á brjóst hennar og kvið.

Konan getur hafa legið meðvitundarlaus á gólfinu eftir barsmiðina, sem hún hafði hlotið, og kyrkingartilraunina, sem virðist hafa verið gerð á henni.“

Greindir læknar komu síðan fyrir dóm, staðfestu skýrslur sínar og skýrðu í því sambandi nánar nokkur atriði.

Árni læknir Björnsson var af verjanda ákærða að því spurður, hvernig gera mætti ráð fyrir, „að ástand lifrar sé hjá mönnum, eins og hjá Ásbjörgu heitinni (þ. e. fitulifur)“, og svaraði læknirinn þannig: „Af krufningarskýrslu má ráða, að um fitulifur hefur verið að ræða hjá hinni látnu, sem gæti stafað af langvarandi áfengisneyzlu. Líkur eru til, að slík lifur sé stækkuð, og með stækkun er átt við, að lifrin nái út fyrir eðlileg anatómísk takmörk“. Þá lýsti læknirinn því, að af krufningarskýrslunni virðist mega ráða, að aðrir áverkar en þeir, er á lifur voru, hefðu eigi getað leitt til dauða Ásbjargar heitinnar. Loks kvað læknirinn eigi „unnt að útiloka þann möguleika, að slíkur áverki, sem var á lifur hinnar látnu, hefði getað orsakast af því, að hoppað hafi verið upp á líkama, sem legið hafi á gólfi.“

Niels prófessor Dungal lýsti m. a. því:

1. Að „mikil fitulifur“ væri jafnaðarlega stækkuð og meirari en heilbrigð lifur“. Lifur Ásbjargar heitinnar hefði hins vegar „ekkert“ verið stækkuð, aðeins 1320 grömm, og fita ekki svo mikil í henni, að hún hafi verið til muna meirari en eðlilegt er“. Væri „í hæsta máta ólíklegt“, „að lifrin í Ásbjörgu heitinni hafi sprungið við það, að ákærði hefði dottið ofan á hana, á borðbrún eða stólbak, þannig að bæði hafi dottið í sömu átt á grúfu“.

2. Ekki væri „unnt að fullyrða, að um kyrkingartilraun

hafi verið að ræða, þótt áverkamerki bæði innan og utan á hálsinum bentu til þess.“

Með bréfi hinn 10. maí 1962 sendi saksóknari ríkisins Læknaráði Íslands dómsgerðir héraðsdóms í málinu ásamt endurriti af framhaldsrannsókn þeirri, er háð hafði verið, til umsagnar um eftirfarandi atriði:

„1. Hvert er álit Læknaráðs um ósamræmi það, sem fram kemur í skýrslum próf. Niels Dungals og Árna læknis Björnssonar um ástand lifrar hinnar látnu konu og í skýringum þeirra á orsökum áverkanna á lifur hennar?

2. Fellst Læknaráð á þá niðurstöðu Þórðar Möllers yfir læknis, sem fram kemur í niðurlagi álitsgerðar hans um geðheilbrigði ákærða, dagsettrar 22. desember 1961, að ekkert það sé finnanlegt, sem dragi úr sakhæfi hans?“.

Álitsgerð Læknaráðs um framangreint efni er dagsett 15. ágúst 1962, og er niðurlag hennar á þessa leið:

„Málið var lagt fyrir réttarmáladeild ráðsins. Afgreiddi deildin það með ályktunartillögu á fundi hinn 29. júní 1962, en samkvæmt ósk eins læknaráðsmanns var málið borið undir Læknaráð í heild. Tók ráðið málið til meðferðar á fundi hinn 15. ágúst 1962, og var eftir ýtarlegar umræður samþykkt að afgreiða það með svohljóðandi

á l y k t u n :

Ad. 1. Samkvæmt skýrslu um krufningu hinnar látnu verður ekki talið, að um fitulifur hafi verið að ræða í venjulegum skilningi, þótt aukið fitumagn hafi fundizt við smásjárrannsókn.

Hafi svo mikil sköddun á lifur, sem lýst er í krufningar-skýrslu, orsakast af einstökum áverka, hlýtur hann að hafa verið mjög mikill og meiri en svo, að auðskýrt verði með falli á sama fleti, árekstri á stólbak eða borðshorn eða með hnefahöggi. Áverki með þvílikum hætti, ef snöggur er og mjög kraftmikill, gæti þó undir vissum kringumstæðum valdið lifrarsprungu, sem svo gæti stækkað og vefurinn marizt við frekari áverka og meiri háttar hnjask.

Ad. 2. Já. Læknaráð getur fallizt á niðurstöðu Þórðar

Möllers yfirlæknis, að varanlegt andlegt ástand ákærða sé ekki þannig, að það dragi úr sakhæfi hans.“

II.

Saksóknari ríkisins hefur í bréfi 30. október 1962 leitað álits Jóns prófessors Steffensens um, hvort unnt sé, með hliðsjón af blóðrannsókn þeirri, sem gerð var á ákærða hinn 1. október 1961, að áætla áfengismagn í blóði ákærða kl. 05.00 og 06.00 aðfaranótt þess dags. Í bréfi prófessorsins, dags. 3. þ. m., segir m. a.:

„Í blóðsýnishorni úr Húbert Morthens, sem tekið var kl. 14.40 hinn 1. október 1961, fundust reducerandi efni, sem samsvara 0.57% af alkóhóli. Sé gert ráð fyrir 75 kg líkamsþunga með 70% vatnsinnihaldi eða samsvarandi 52.5 kg af vatni, þá hefur heildarmagn alkóhóls í líkamanum verið um 30 gr, er blóðsýnishornið var tekið.

Ef reiknað er með 100 mg brennslu á klt. og kg og 2% útskilnaði með þvagi og uppgufun af alkóhóli, þá samsvarar það 7.65 gr af alkóhóli á klt., miðað við 75 kg líkamsþunga. Á 9¼ klt. verða það 73.9 gr alkóhól, og hefur þá heildarmagn þess í líkamanum verið um 104 gr, eða um 2% kl. 05.00 sama dag og kl. 06.00 um 1.8%.“

III.

Skýrslur þriggja vitna, er leidd voru eftir uppsögu héraðsdóms, hníga að því, að allnáin kynni hafi verið með eigin konu ákærða og Einari Angantý Jónssyni, er í héraðsdómi getur.

IV.

Í héraðsdómi er réttilega lýst válegum atburðum máls þessa samkvæmt þeim sakargögnum, sem leggja verður til grundvallar. Fallast ber á rök héraðsdómara fyrir því, að verknaður ákærða varði við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo og fyrir því, að beita beri refsilækkun samkvæmt þeim ákvæðum hegningarlaga, sem til er vitnað í héraðsdómi, sbr. og II. og III. að framan. Þykir

refsing ákærða samkvæmt því hæfilega ákveðin fangelsi í 6 ár.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma og um málskostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar á meðal saksóknarlauna til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og málsvarnarlauna til verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Húbert Rósmann Morthens, sæti fangelsi sex ár.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma ákærða og um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og málsvarnarlaun til verjanda síns í Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Jónatans Hallvarðssonar og Þórðar Eyjólfssonar.

Við teljum, að staðfesta beri héraðsdóminn með skirskotun til forsendna hans og með hliðsjón af þeim nýju gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt og rakin eru í atkvæði meiri hluta dómenda, en erum samþykkir því atkvæði, að því er varðar málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. febrúar 1962.

Ár 1962, miðvikudaginn 6. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Friðkirkjuvegi 11 af Loga Einarssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 511/1962: Ákærvaldið gegn Húbert Rósmanni Morthens, sem tekið var til dóms 25. f. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útgefinni 29. desember 1961,

á hendur Húbert Rósmanni Morthens sjómanni, Laugarnesvegi 118 hér í bæ, fyrir að berja eiginkonu sína, Ásbjörgu Haraldsdóttur, og misþyrma henni svo árdegis sunnudaginn 1. október 1961 á heimili þeirra á Laugarnesvegi 118, að hún beið samdægurs bana af.

Í ákæru þykir þessi verknaður ákærða aðallega varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 218. gr. og 215. gr. sömu laga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. febrúar 1926 í Reykjavík, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

- | | | |
|------|------|---|
| 1944 | 20/5 | Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir. |
| — | 22/6 | Rvík. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir. |
| 1945 | 22/5 | Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri, og brot gegn 7. gr. lögreglusamþykktar Rvíkur. |
| — | 23/5 | Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| — | 12/6 | Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir óspektir á almannafæri. |
| 1946 | 3/1 | Rvík. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir. |
| — | 27/1 | Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| — | 3/2 | Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og rúðubrot. |
| — | 3/2 | Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og rúðubrot, 50 kr. skaðabætur í sama máli. |
| — | 19/2 | Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| — | 8/5 | Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| — | 5/6 | Rvík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir. |
| — | 11/6 | Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1947 | 10/3 | Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| — | 18/3 | Rvík. Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 750 kr. sekt og 1000 kr. skaðabætur fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga, áfengislögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur. |
| — | 19/3 | Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| — | 1/4 | Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál. |
| — | 13/6 | Rvík. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á opinberum veitingastað, 55 kr. skaðabætur í sama máli. |
| — | 22/2 | Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| — | 4/9 | Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1948 | 23/1 | Rvík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og ryskingar. |
| — | 29/1 | Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. |

- 1948 28/2 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 — 29/2 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 — 5/5 Rvík. Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 — 11/5 Rvík. Sátt: 175 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
 — 25/6 Rvík. Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 — 28/6 Rvík. Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 — 24/1 Rvík. Sátt: 300 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 — 16/5 Rvík. Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1950 30/5 Rvík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
 — 28/9 Rvík. Sátt: 300 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
 — 20/10 Rvík. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun og 540 kr. skaðabætur fyrir ölvun og spellvirki.
 1952 16/9 Rvík. Sátt: 150 kr. sekt, 309 kr. skaðabætur fyrir ölvun, óspektir og spellvirki.
 1960 31/1 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
 Verður nú greint frá málavöxtum:

Sunnudaginn 1. okt. s.l., um klukkan 13.45, var Ingólfi Þorsteinssyni, yfirvarðstjóra rannsóknarlögreglunnar, tilkynnt frá Slysavarðstofunni hér í borg af Birni L. Jónssyni, aðstoðarlækni borgarlæknis, að þá skömmu áður hefði þangað verið komið með konu, sem þegar hefði verið látin, en á höfði hennar væru miklir áverkar. Brá Ingólfur Þorsteinsson þegar við og fór í Slysavarðstofuna, en þar var ákærði. Hafði hann sjálfur komið með líkið þangað í sjúkrabifreið, en það var af eiginkonu hans, Ásbjörgu Haraldsdóttur, fæddri 30. nóvember 1926. Lá það þarna á sjúkrahvelli og var lítið farið að kólna, klætt venjulegri kvendragt, jakka og pilsí, og þar innan undir náttfötum og nærbuxum, en sokka- og skólaust. Miklir marblettir voru á andliti líksins og á báðum handleggjum þess, en á brjósti þess voru minni marblettir og nokkrar húðrispur framan á hálsi. Hafði ákærði þegar í Slysavarðstofunni skýrt frá því, að áverkar þessir væru af sínum völdum. Var tekið úr honum blóðsýnishorn til alkóhól-ákvörðunar, og fundust í því reducerandi efni, er samsvara 0.57% af alkóhóli, en því næst var hann færður í skrifstofur rannsóknarlögreglunnar, þar sem Sveinn Sæmundsson yfirlögregluþjónn tók af honum frumskýrslur. Að því loknu var ákærði færður í fangahúsið við Skólavörðustíg, þar sem hann hefur dvalizt síðan, en mánudaginn 2. október s.l. var hann úrskurðaður í gæzluvarðhald.

Prófessor Niels Dungal, forstöðumaður Rannsóknarstofu há-

skólans, skoðaði líkið í Slysavarðstofunni, og hinn 2. október s.l. gerði hann á því réttarkrufningu.

Frá Slysavarðstofunni fór Ingólfur Þorsteinsson yfirvarðstjóri ásamt rannsóknarlögreglumönnum Ragnari Vigni, varðstjóra tæknideildar rannsóknarlögreglunnar, og Guðmundi Erlendssyni heim í íbúð ákærða til að rannsaka, hvernig þar væri umhorfs, en lykil að íbúðinni fengu þeir rannsóknarlögreglumennirnir hjá Gíslínu Bergþóru Valdimarsdóttur, Sólheimum 27, frænku og uppeldissystur Ásbjargar heitinnar, sem ákærði hafði áður afhent lykilinn og kvatt sér til aðstoðar til að annast þrjú börn þeirra hjóna. Ljósmyndir voru teknar í íbúðinni og gerðir af henni uppdrættir, en hún er á annari hæð í fjölbýlishúsi, tvö herbergi, dagstofa og svefnherbergi og eldhús. Í svefnherberginu var hjónarúm, tvöfalt, og þrjú barnarúm, þar af tvö sambyggð, eða svokallaðar kojur. Ekki hafði verið búið um rúmin, en á kodda hægra megin í hjónarúminu sáust óljósir, nokkuð stórir, blóðlitaðir blettir. Undir koddanum var kvenbaðsloppur, og á tveimur stöðum á honum voru litlir, mjög nýlegir blóðblettir. Í dagstofunni voru teppi á gólfum og mikið af húsgögnum. Mátti heita, að þau væru öll í röð og reglu, en það eina, sem benti til, að þar hefðu óvenjulegir atburðir gerzt, voru margir blóðblettir víðsvegar um stofuna, á suðurvegg hennar í 1.43 metra hæð, 1.65 metra hæð og 2.20 metra hæð frá gólfi. Þá voru og blóðblettir á gólfi og gólfteppi stofunnar, á borðfæti, í legubekk (sófa), á bókahillu við austurvegg hennar, á skáp þar og mynd, sem var fyrir ofan hann. Í baðkeri í baðherbergi var stórt vaskafat og í því tau, sem lagt hafði verið í bleyti, en efst í fatinu var hvít hálferma kvenblússa, og á henni talsvert af blóðblettum, sem virtust nýlegir, en ermar hennar voru nokkuð rifnar út frá saumum. Á vatninu í fatinu var daufur blóðlitur. Í eldhúsinu var ekkert óvenjulegt að sjá, nema hvað á eldhúsborði voru tvær tómar dósir undan erlendum bjór og nokkrar slíkar dósir í skáp á borðinu. Í einum eldhússkápnum var einn eins lítra geneverbrúsi, hálffullur. Einnig var þarna í skáp lítið lyfjaglas með lyfjahylkjum í, sem tekið var í vörzlu dómsins, en ákærði skýrði frá því, að skömmu eftir að þau hjónin voru komin heim til sín og farin að kíta, eins og nánar verður greint frá síðar, hafi Ásbjörg heitin gefið honum eitt lyfjahylki úr glasi þessu, sem hann hafi tekið inn, og sagt það vera róandi lyf, en hann ekki fundið til neinna áhrifa

af því. Á glasi þessu var miði, er á var letrað: „Ásbjörg Haraldsd. 1 hylki 2 sv. á dag. Caps. librium, no XXX 22961 AK.“

Heimilislæknir ákærða, Arinbjörn Kolbeinsson, kveðst hafa gefið Ásbjörgu heitinni lyfseðil fyrir lyfi þessu, sem hann segir vera vægt, taugaróandi lyf, og sé því í langfestum tilfellum haldið fram, að ekki sé skaðlegt að taka það inn í sambandi við áfengisneyzlu, en lyf þetta sé að vísu nýlega komið á mark- að og ekki mikil reynsla fengin af því enn. Í hverju greindra lyfjahylkja segir hann vera 10 milligrömm, en fullt nafn lyfsins sé: 7-chloro-2-methylamino-5-phenyl-3-H-1. 4-benzodiazepine 4 oxyde hydrochlorid, og verzlunarheiti þess Caps. librium.

Bróðir Ásbjargar heitinnar tók að sér að tilkynna ættingjum hennar um andlátíð, og bróðir ákærða ættingjum hans.

Í skýrslu prófessors Niels Dungals, dags. 2. okt. s.l., um réttar-krufningu á líkinu segir m. a. svo:

„Í gær, kl. 15.00, var undirritaður beðinn að koma af rann-sóknarlögreglunni inn á Slysavarðstofu. Þar lá lík af konu, sem sýnilega var nýdáin, því að líkið var enn glóðvolgt, ekkert farið að stirðna, og engir líkblettir komnir fram.

Líkið er af 160 cm hárrí konu í meðalholdum. Þegar krufningin fer fram, eru komnir miklir líkblettir á bakið, og líkið er alstirt. Í andlitinu sjást, eins og í gær, miklir marblettir, og má segja, að allt andlitið sé meira og minna þéttsett marblettum: Glóðaraugu á báðum augum, þrír stórir marblettir á enni, nefið bæði marið og hrufað, sérstaklega neðri hluti nefsins, sem er hrufaður á krónu stóru svæði. Utanvert við h. munnvik er barnslófastór blettur, sem er marinn, og sjást blæðingar og hruf í þessum bletti líka, og niður frá þessum bletti sjást einnig aðrir marblettir. Tennur eru heilar í báðum gómum, en slím-húðin á báðum vörum er sprungin v. m. við miðju á efri vör, þar sem sést um 1 cm löng sprunga sundurtætt í varaslímhúðinni og í neðri vör, nálægt h. munnviki, þar sem einnig er allt að því 1 cm löng sprunga í vörinni. Auk þessara áverka sást, að það voru rispúr á hálsinum rétt neðan og h. m. við barka-kýlið, þar sem sáust nokkrar samhliða rispúr, og á einum stað h. m. sést þar greinilegt naglarfar, sem er djúpt og snýr þannig, að nöglin hafi verið á hönd, sem kom ofan frá, þannig að fingurinn hafi snúið niður á við, en ekki upp á við á hálsinum. Auk þess sjást margir marblettir víðs vegar á handleggjum og einn ofan til v. m. á brjóstinu, ennfremur sést barnslófastór marblettur utan til á h. mjöðm. Einnig sjást marblettir, sem ekki

virðast allir vera ferskir, á báðum fótleggjum. Á v. úlnlið sést barnslófastór marblettur, litlafingurs-megin, og á löngu töng sömu handar sést einnig marblettur á efstu kjúku.

Brjóst- og kviðarhol opnað: Þegar húðinni er flett frá hálsinum, sjást miklar blæðingar í vöðvunum og í kringum þá um miðjan hálsinn, og nær það alla leið niður undir viðbein á meira en mannslófastóru svæði, þar sem allt er fullt af marblettum. Þegar rifin eru athuguð á brjóstkassanum, sést, að h. m. eru þrjú rif brotin: II., III. og V., og eru þau öll brotin nokkurn veginn í mammillar línu, og skaga brotendarnir dálítið fram. Marblettur fannst einnig yfir vinstra III. rífi, nálægt geislungsmótum, og var hann rúmlega tveggja krónu stór. Dálítil blæðing var í brjóstholinu h. m., en ekki svo mikil, að nokkru næmi, eða 10—20 cc af blóði. Um 8 cm löng rífa var á þindinni h. m.

Hálslíffæri: Þegar vélindað var klippt upp, fannst dálítið blóðugur vökvi í því. Einnig fannst dálítið blóð í barkakýli og barka.

H. m. í skjaldarbrjóskeninu sést krónustór blæðing í vöðvanum, sem liggur þar utan á brjóskeninu.

Engin brot sjást á skjaldkirtilsbrjóskeni né málbeini.

Hjartað vegur 250 gr. Framan á hjartanu, rétt hjá art. pulm., sést dálítill marblettur, ca fingurgómsstór. Annar sést þar sem vena cava gengur inn í h. atrium, og þriðji marbletturinn sést yfir v. atrium, þar sem vv. pulm. koma inn í hjartað. Allir þessir marblettir eru um fingurgómsstórir. Að öðru leyti sést ekkert sérstakt á hjartanu.

Þegar rifin eru aðgætt innan frá brjóstkassanum, sést, að II. og III. rif eru brotin upp við hrygginn h. m. Hefur dálítið blætt undir brjósthimnuna í kringum þessi brot.

Í kviðarholinu sést töluvert af blóði. Blóðið var bæði ofan og neðan til í kviðarholinu, og mældist það alls 1 lítri. Þegar athugað er, hvaðan blæðingin hefur komið, finnst, að lifrin er sprungin á stóru svæði. H. lobus lifrarinnar er sprunginn næstum eftir endilöngu, framan frá og upp úr, þannig að sprungan verður hér um bil um miðja lifrina. Er lifrin á þessu svæði sundurtætt.

Blæðing finnst einnig í garnahengi smáþarmanna, og sjást þar einnig allmargir marblettir.

Maginn er eðlilega stór. Í honum eru aðeins um 20 cc af brúnleitum, þunnum vökva, sem sýnilega er mestmegnis blóð.

Heilabúið opnað: Þegar höfuðsverðinum er flett frá, sést hvergi

neitt sár á honum, en undir honum er allt alblóðugt, þannig að öll höfuðkúpan er þakin blóði, nema rétt ennið.

Ályktun:

Við líkskoðun og krufningu fundust miklir áverkar: Miklir marblettir og hrúfl í andliti og svo að segja samfelld mar undir öllu höfuðleðrinu. Þá fundust marblettir á útlimum og einnig á brjósti. Á brjóstakassanum fundust þrjú rif brotin og tvö þeirra tvíbrotin. Rífa fannst á þindinni, en það, sem valdið hefur dauða konunnar, var stór sprunga í lifrinni, sem mikið hafði blætt úr, og hefur blæðingin út í kviðarholið valdið dauða konunnar. Krónískt sár fannst neðst í maganum, alveg niðri við magamunnann, og tvö smærri sár í skeifugörn.“

Í viðbótarskýrslu prófessors Níels Dungals, dags. 5. október s.l., segir enn fremur svo meðal annars:

„Lifur: Með fitulitun sést mikil fita í lifrinni. Svo að segja í hverri einustu lifrarfrumu sást mikið af litlum fitukornum, en stórir fitudropar sáust óvída.

Skjaldkirtill: Folliklar eru yfirleitt miðlungsvíðir, en yfirleitt í stærra lagi. Epithel er yfirleitt kúbískt. Vottar aðeins fyrir háfrumuþekju á stöku stað, en totumyndanir sjást hvergi. Sekretíð í folliklunum er sýnilega tiltölulega þykkt.

Ályktanir: Fitubreytingarnar í lifrinni benda til þess, að konan hafi drukkið áfengi meira en góðu hófi gegnir, þótt ekki sé unnt að segja, að hún hafi verið alcoholisti.

Vegna þess hve skjaldkirtillinn var stór, gat verið um Basedows-sjúkdóm að ræða, en slíkir sjúklingar hafa miklu minna andlegt jafnvægi en aðrir. Vefjarannsóknin sýndi engar Basedows-breytingar, en eðlilega kirtilbyggingu.

Alcoholrannsóknir voru gerðar á blóði og magainnihaldi (próf.

J. Steffensen):

Í blóði fannst 1.39‰.

Í maga fannst 1.35‰.

Sýnir þetta, að konan hefur verið undir áhrifum áfengis, er hún lézt.“

Ákærði, sem var skipsmaður, „spíssari“ á b/v Neptúnusi, skýrir svo frá, að laugardagskvöldið 30. september s.l., um miðnætti, hafi botnvörpungurinn komið hingað til lands úr söluferð frá Þýskalandi og lagzt að hafnarbakkanum milli klukkan 1 og 2 aðfaranótt sunnudagsins 1. október s.l. Segir hann eiginkonu sína, Ásbjörgu heitina Haraldsdóttur, hafa komið niður á hafnar-

bakka til að taka á móti sér og farið um borð í skipið, þar sem hún hafi drukkið úr tveimur til þremur flöskum af þýzkum bjór, Dresler, en sjálfur kveðst hann hafa verið búinn að drekka tvo til þrjá „sjússa“ af gini, auk þess sem hann hafi drukkið úr fjórum til fimm bjórflöskum, er þau héldu frá borði og fóru heim til sín milli klukkan eitt og tvö um nóttina, en meðferðis hafði hann allmikið af vínföngum og sterkum bjór, er hann kveðst hafa haft leyfi töllyfirvalda til að taka með sér frá borði.

Er þau hjónin voru komin heim til sín, segir hann þau hafa farið að neyta áfengis, genevers og þýzks bjórs. Í íbúðinni voru ekki aðrir en þau tvö og börn þeirra þrjú, tveir drengir, tveggja og sex ára, og sjö ára gömul telpa, sofandi í svefnherbergi, en maður, sem hefði gætt barna í næstu íbúð undir íbúð hans (ákærða), hefði hlustað eftir börnum þeirra hjóna, meðan móðir þeirra fór að taka á móti honum. Nokkru eftir að ákærði var kominn heim til sín, segist hann hafa farið að taka utan af barnagullum, en við það hafi börnin vaknað og vakað í um hálfan annan klukkutíma við að skoða leikföngin uppi í rúmum sínum. Á meðan segir hann þau hjónin eingöngu hafa drukkið bjór, en er börnin voru sofnuð aftur, hafi þau tekið að neyta bæði genevers og bjórs og gerzt drukkin. Hve mikils magns áfengis þau neyttu þarna hvort um sig, kveðst hann ekki geta sagt um, en segir konuna fljótt hafa orðið drukkna.

Skömmu eftir að þau voru komin heim til sín, kveður hann þau hafa farið að kíta, þó ekki út af neinu sérstöku, en oft hafi komið til ósamkomulags milli þeirra, sérstaklega er þau höfðu vín um hönd, eins og nánar verður vikið að síðar. Milli þess sem þau kíttu, kveður hann þau hafa látið vel hvort að öðru. Þau hafi háttað, farið í náttföt og fram í stofuna til að hafa þar samfarir saman í legubekk (sófa), til þess að raska ekki ró barnanna, en áður hafði hann aflæst stofudyrnunum.

Áður en þau háttaðu og eins eftir það, og þau voru komin fram í stofuna, segir ákærði Ásbjörgu heitina hafa kallað hann Einar og ekki öðru nafni, eftir að hún var orðin drukkin, og honum hafi virzt hún taka hann sem allt annan mann en hann sjálfan. Í eitt skipti hafi hún sagt: „Helvítið þitt, Einar og Halldóra, þið stunguð mig af í hádeginu,“ eða eitthvað á þá leið. Segir ákærði, að til átaka hafi komið milli þeirra, en þó ekki til alvarlegra átaka, fyrr en þau voru að hafa þarna samfarir saman í annað skipti greinda nótt eða árla morguns. Þá hafi konan hrópað upp: „Einar, ekki svona fast,“ en nánar um tíma

eða tímamörk hefur ákærði ekki getað borið. Við þessi orð konunnar kveðst hann hafa orðið alveg óður og ekki vitað mikið, hvað hann gerði. Í æði því, sem greip hann þarna, segist hann hafa barið eiginkonu sína með krepptum hnefum í andlitið og víðar, eins og hann komst að orði, en hann fullyrðir, að hann hafi aldrei barið hana með nokkru barefli eða öðrum hlutum. Sjálfur kveðst hann hafa verið berfættur og skólaus, en konan í hvítum, hælahaum skóm, áður en til átaka kom á milli þeirra. Segir hann konuna hafa reynt að verja sig, barið hann og klórað og hrópað á hjálp, en þau hafi farið víða um stofuna, án þess að kveðið hefði mikið að því, að húsgögn yltu um koll. Kveður ákærði hana hvað eftir annað hafa kallað upp nafnið Einar, en við það hefði hann æstst. Hún hafi sagzt elska þá báða, en við hvaða báða hún átti, hafi hann ekki vitað. Þá segir hann Ásbjörgu heitina oft hafa fallið í gólfið í viðureign þessari og að því hefði komið, að hún stóð ekki aftur upp. Kveðst ákærði ekki minnast þess, að hafa sparkað í hana eða stigið ofan á hana, þar sem hún lá þarna á gólfinu.

Ákærði segist svo hafa tekið Ásbjörgu heitina upp af gólfinu og borið hana inn í rúm, en þá hefði verið lífsmark með henni. Hann hafi ekki talað neitt við hana þá eða síðar, enda talið hana sofa. Hann segist hafa látið börnin fara fram í eldhúsið, er hann bar hana inn í rúmið, og beðið þau um að vera þar, meðan móðir þeirra svæfi, en þau hefðu vaknað, meðan á viðureigninni stóð, og viljað komast inn í stofuna, en hann ekki leyft þeim það.

Í nösum konunnar kveður ákærði hafa verið blóð, sem hann hafi þvegið burt með blautu handklæði, en meðan hann hafi verið að því, segir hann sér hafa fundizt eitthvað óeðlilegt við hana, svo að hann hafi flýtt sér að síma í íbúðinni og árangurslaust reynt að hringja til móður sinnar, en þar hafi enginn svarað. Ákærði hringdi nú til Gíslínu Bergþóru Valdimarsdóttur og bað hana um að koma strax til sín, sem hún gerði.

Er ákærði átti tal við Gíslínu Bergþóru í símann, spurði hún um, hvort eitthvað væri að, og sagði hann það vera, án þess að skýra það nánar, en hún fór þegar í leigubíl heim til hans, og opnaði hann fyrir henni. Segist hún ekki hafa getað séð áfengisáhrif á honum og ekki heldur getað merkt þau, er hún talaði við hann í símann. Að beiðni ákærða kveðst hún hafa farið inn í stofu og þar hefði hann tjáð henni, að hann mundi

vera búinn að berja eiginkonu sína til óbóta, og að hún væri farin að kólna, jafnframt því sem hann hefði beðið hana að hringja eftir sjúkrabíl, en hún náði ekki símasambandi við slökkvistöðina, svo að hún hringdi heim til dóttur sinnar og bað hana um að annast þetta fyrir sig. Gíslína Bergþóra kveðst hafa farið inn í svefnherbergið til að sækja föt á börn ákærða, sem voru óklædd, og þá séð, hvar Ásbjörg heitin lá í rúminu undir sæng, en andlit hennar hafi verið óþekkjanlegt. Hún segist ekkert hafa talað til Ásbjargar heitinnar og ekki gert sér þá grein fyrir því, hvort hún væri lífs eða liðin.

Gíslína Bergþóra kveðst ekki hafa hreyft við neinu í íbúðinni, nema hvað hún náði í föt á börnin, og segir húsgögnin ekki hafa verið mikið úr skorðum, þó hafi legubekkurinn (sófinn) í stofunni ef til vill ekki verið alveg á sínum stað.

Meðan hún talaði í símann, kveðst hún hafa séð ákærða færa eiginkonu sína í föt, dragt, en fljótlega hafi sjúkrabíll komið að húsinu og hafi Ásbjörg heitin verið flutt í honum á Slysavarðstofuna og ákærði farið með, en hún hafi klætt börnin, læst íbúðinni og tekið þau með sér heim til sín.

Ekki kveðst ákærði vita, hvort lífsmark hafi verið með Ásbjörgu heitinni, er hann færði hana í dragtina, en segir hana hafa verið í náttjakka, sem hann færði hana ekki úr, og buxum, en hvenær hún fór í þær, veit hann ekki.

Í íbúð þeirri, sem er beint fyrir neðan íbúð þá, er ákærði bjó í að Laugarnesvegi 118, búa hjónin Erna Aðalheiður Marteinsdóttir og Kristinn Þorsteinn Kristinsson verzlunarmaður. Um helgina 1. október s.l. voru gestkomandi hjá þeim hjón frá Neskaupstað, Kristín Steinunn Marteinsdóttir, systir Ernu Aðalheiðar, og Jóhann Karl Sigurðsson verkstjóri. Laugardagskvöldið 30. september s.l. var fólk þetta á dansleik, en kom heim til Ernu Aðalheiðar og eigimanns hennar um klukkan tvö aðfaranótt sunnudagsins 1. október s.l. og gekk þá fljótlega til náða.

Kristín Steinunn skýrir svo frá, að sér hafi gengið illa að sofna og, um klukkutíma eftir að hún kom heim til systur sinnar, að því er hún telur, hafi hún heyrt óskapleg læti úr íbúð ákærða, dynki og brambolt, og segist hafa talið eftir hávaðanum að dæma, að húsgögn hefðu verið brotin. Segist hún hafa heyrt, að karlmaður og kona áttu orðaskipti saman, en gat ekki greint orðaskil, nema hvað hún hafi heyrt konuna bölvá, auk þess sem heyrt hafi frá henni grátur og vein. Segist Kristín

Steinunn hafa heyrt þetta allengi, en hefur ekki getað tilgreint það nánar. Er bjart var orðið af degi og eftir að fótaferðatími var kominn, að því er hún ætlað, segist hún hafa heyrt í börnum, er þau tóku í hurðarhún og virzt vilja komast inn í eitt-hvert herbergi, en karlmaður hafi þá sussað á þau og sagt þeim að þegja. Þá segist hún hafa heyrt, að skrífað hafi verið frá vatnskrönum í íbúð ákærða eða bunað í salernisskál, en sofnað svo og ekki vaknað fyrr en um eða rúmlega klukkan tíu um morguninn.

Kristín Steinunn segir sér hafa fundizt óhugnanleg lætin í íbúð ákærða og því tvívegis um nóttina farið að herbergisdýrum mágs síns til að vekja hann, en hætt við það í bæði skiptin, þar eð hún hefði ekki kunnað við það, enda heyrt áður af systur sinni, að læti hefðu fyrr verið í íbúð ákærða.

Jóhann Karl kveðst hafa vaknað, er komið var fram undir morgun, við dynki í gólfið í íbúðinni fyrir ofan hann og hafi hann heyrt eins og högg þar í gólfið þó nokkra stund, en sofnað aftur, er þetta rénaði. Ekki veit hann, hvað klukkan var, er hann vaknaði, og eigi heldur, hvort þá hafi verið orðið bjart af degi, enda tjöld verið dregin fyrir glugga herbergis þess, er þau hjónin sváfu, í, en hann segir konu sína þá hafa verið vakandi.

Hjónin Kristinn Þorsteinn Kristinsson og Erna Aðalheiður Marteindóttir bera, að þau hafi komið heim til sín af dansleiknum ásamt fyrrgreindum hjónum klukkan rúmlega tvö um nóttina, drukkið kaffi og gengið svo til náða klukkan langt gengin þrjú. Kveðst Erna Aðalheiður fljótlega hafa sofnað og ekki orðið vör við neinn hávaða eða neitt óvenjulegt úr íbúð ákærða. Kristinn Þorsteinn segist aftur á móti hafa vaknað milli klukkan sjö og átta um morguninn, að því er hann telur, og þá heyrt hávaða frá börnum í íbúð ákærða, en ekki gefið þessu frekari gaum, enda áður heyrt hávaða þaðan, er fólk var þar að skemmta sér.

Á annarri hæð að Laugarnesvegi 118, í íbúð gegnt íbúð þeirri, er ákærði bjó í, búa hjónin Sigurður Þorkelsson viðskiptafræðingur og Jóhanna Guðbjörg Guðbrandsdóttir. Hún kveðst ekki hafa orðið vör við nein óvenjuleg hljóð úr íbúð ákærða aðfaranótt sunnudagsins 1. október s.l., nema hvað hún hafi heyrt mikinn barnsgrát þaðan um klukkan sex um morguninn, en slíkt hafi ekki verið neitt óvenjulegt. Sigurður Þorkelsson segist ekki heldur hafa orðið var við óvenjulegan hávaða úr íbúð ákærða nótt þessa eða þá um morguninn, og hið sama ber Björk

Guðjónsdóttir húsfreyja, sem segir, eins og Jóhanna Guðbjörg, að komið hafi fyrir, að háreysti hafi heyrzt frá íbúð ákærða, en Björk hefur s.l. þrjú ár búið að Laugarnesvegi 118.

Þorgerður Bjarney Kristjánsdóttir húsfreyja, sem býr í íbúð á þriðju hæð að Laugarnesvegi 118, beint fyrir ofan íbúð þá, er ákærði bjó í, kveðst hafa heyrt háreysti úr íbúð hans greinda sunnudagsnótt, en þó ekkert frekar en venja var, er ákærði kom heim úr siglingu, enda þá oftast heyrt hávaða úr íbúð hans og þá oftast verið haft þar vín um hönd. Segist hún aðallega hafa heyrt hávaðann um sjö-leytið um morguninn og þó af og til fram undir klukkan níu.

Mánudaginn 2. október s.l. skoðaði Kristján Hannesson, læknir við hegningarhúsið hér í borg, ákærða og gaf vottorð um þá skoðun, en ákærði kveðst hvorki hafa lent í átökum né orðið fyrir nokkrum áverkum í síðustu ferð sinni hingað til lands eða áður en hann kom heim til sín aðfaranótt 1. október s.l. og eigi heldur hlotið aðra áverka, áður en læknirinn skoðaði hann, en þá, er hann hlaut í viðureigninni við Ásbjörgu heitina. Í vottorði Kristjáns Hannessonar lækni segir svo:

„Ég hef í dag, kl. 15.50, skoðað Húbert Morthens sjómann, f. 26/2 '26, pt. Hegningarhúsinu í Reykjavík.

Höfuð (andlit): Mar og léttur þroti umhverfis vinstra auga, bæði neðan við augað utanvert og yfir augnloki. Þetta svæði er aumt viðkomu.

2 húðrispur eru á hálsi v. megin neðan til, ca 4—5 cm langar, með ca 1 cm millibili. Rispurnar liggja þversum.

Á *baki*, rétt fyrir neðan herðablöð, hægra megin við hrygg, er ca lófastór rauðleitur marblettur. Hann er aumur viðkomu. Yfir hrygg-tindum í sömu hæð og marbletturinn er húðrispa, sem er dýpst efst og gryn timer niður á við. Hún er ca 8 cm löng og liggur langsum, en beygir til vinstri, niður á við.

Á *vinstra upphandlegg* miðjum, utan til, er grunn húðrispa 5 cm löng. Á hægra upphandlegg er húðrispa, 5 cm löng, er liggur þversum og virðist gömul.

Á *hægri hendi*, handarbaksmegin, eru 4 húðrispur yfir úlnlið, liggja næstum þversum, upp af þumalfingri og á handarbaki svo og á baugfingri. Rispan á handarbaki er ca 4 cm löng, hinar eru minni. Rispan á handarbaki liggur langsum. Hnúar eru aumir og hönd aum, og er einkenni um marblett á handarbaki upp af vísifingri.

Vinstri hönd er marin og bólgin á handarbaki, handarjaðars-megin, og smá húðrispa er ofan á baugfingri.

Sjl. kennir til í báðum höndum, þegar hann réttir og kreppir fingur.

Allar húðrispur virðast ungar nema á upphandlegg hægra megin.

Fauces et st. p. + C. ÷. Blóðþr. 110/70.

Abd. ÷ Sjl. hefur í mörg ár liðið af meltingartruflun.

Refl. eðlilegir.

Annars staðar en að ofan er talið sjást ekki áverkar.“

Ákærði segir fjárhagsafkomu sína hafa verið góða, enda getur hann þess í skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglunni, að þau hjónin hafi bæði haft hug á að eignast fé og gæta þess vel. Vegna þessa hafi oft orðið ágreiningur þeirra á milli, án þess að öðru þeirra væri frekar um að kenna en hinu. Raunar hafi samkomulag þeirra verið stirt og sambúð skrykkjótt, sérstaklega er þau höfðu vín um hönd, og komið hafi fyrir, að hann hafi farið af heimilinu um stundarsakir vegna misklíðar og særinda milli þeirra, sem og hafi komið fyrir, að Ásbjörg heitin hafi gert. S.l. sumar hafi hún t. d. farið af heimilinu með yngsta barnið með sér, er tvö þau eldri voru í sveit, og verið í burtu í þrjá daga, án þess að hann vissi, hvar hún dvaldist þennan tíma. Að nóttu til hringdi hann þá til Gíslínu Bergþóru, frænku og uppeldissystur Ásbjargar, og spurði eftir henni þar, en Gíslína Bergþóra vissi þá ekki, hvar hún var. Kvaðst ákærði þá hafa ætlað að fyrirfara sér og skar sig á púls, en Gíslína Bergþóra gerði lögreglu aðvart og fór sjálf heim til ákærða. Hafði hann þá hætt við ætlun sína og bundið um úlnlið sinn. Þá skýrði ákærði svo frá, að veturinn 1959 til 1960 hafi Ásbjörg heitin farið af heimilinu vegna misklíðar þeirra og dvalist í um tveggja mánaða tíma hjá Gíslínu Bergþóru. Segir ákærði oft hafa komið til átaka á milli þeirra, hans og Ásbjargar heitinnar, og bar hann fyrst, að þá hefði oftast séð á Ásbjörgu heitinni eftir þau átök en sér, en síðar sagði hann, að í tugum skipta, sem Ásbjörg heitin hefði barið hann, hefði hann ekki snert við henni, enda hefði oft komið fyrir, er ósamkomulag var á milli þeirra, að hún hefði barið hann, og í eitt skipti kastað framan í hann þungum gleröskubakka, svo að hann hafi hlotið meiðsli af og ör hægra megin á efri vör. Þá skýrir ákærði svo frá, að s.l. sumar, er gleðskapur var heima hjá honum og vín haft um hönd, en meðal gesta þar hafi verið Ólína Kristín Þorvaldsdóttir,

Skúlagötu 68, systir hennar Sigríður Þorvaldsdóttir, Skúlagötu 76, og skipsfélagi hans Ellert Þorsteinsson, Lágholtsvegi 6, öll hér í borg, hefði Ásbjörg heitin af tilefnislausu tvívegis slegið hann og hrækt framan í hann, auk þess sem hún hafði farið úr blússu sinni og brjóstahöldum, en hann ekki hreyft hönd við henni, enda orðið undrandi á þessu hátterni hennar. Segir hann Ásbjörgu heitina hafa verið mjög flangsgefna, svo að hann hafi oft átt í vandræðum með hana af þeim sökum. Sem dæmi þess nefnir hann, að s.l. sumar, er þau hjón hafi verið að skemmta sér saman í veitingahúsinu Þórskaffi hér í borg, hafi hún verið að flangsa utan í einum skipsfélaga hans og tvívegis boðið honum upp í dans, þótt „dömufrí“ hefði ekki verið. Þá getur hann þess, að eitt skipti í fyrra vetur, er hann var nýkominn frá Þýzkalandi, hafi maður nokkur komið heim til þeirra hjóna með frænda Ásbjargar heitinnar og þegið áfengan bjór, en skömmu áður en hann fór, hefði Ásbjörg heitin kysst hann á munninn, þar sem hún sat við hlið hans á legubekk (sófa). Segir ákærði sér hafa fundizt þetta mjög óviðeigandi, en ekkert aðhafzt.

Þær Ólína og Sigríður Þorvaldsdætur og Ellert Þorsteinsson bera mjög á sama veg og ákærði um framkomu Ásbjargar heitinnar, er þau voru á heimili þeirra hjóna, eins og að framan getur. Segir Ellert Þorsteinsson, að í gleðskap hafi það komið fyrir, að Ásbjörg heitin hafi reynt að reita ákærða til reiði og slegið hann af tilefnislausu, en ekki hafi borið á því; að ákærði hafi reiðzt. Þá kveður Ellert Þorsteinsson það hafa komið fyrir, að Ásbjörg heitin hafi verið að flangsa utan í honum í þeim tilgangi, að því er hann telur, að gera ákærða afbrýðissaman, en ekki segist Ellert hafa orðið var við afbrýðissemi hjá ákærða vegna þessa.

Ólína Kristín, sem kveðst hafa þekkt ákærða og Ásbjörgu heitina í tæplega tvö ár, segist tvívegis hafa orðið vör við, að hún hafi reynt að reita hann til reiði á heimili þeirra, er vín hafi verið haft þar um hönd, en ekki reynt að gera hann afbrýðissaman, heldur hafi ertni hennar verið fólgin í látbragði hennar og svörum til ákærða, sem verið hafi rólegur og reynt að gera hið bezta úr ertni Ásbjargar heitinnar. Segir Ólína Kristín hana í fyrra skiptið, sem hún var vitni að þessu, hafa kastað einhverjum hlut í ákærða, en hann rólegur tekið hlutinn upp af gólfinu og sett hann aftur upp á borð.

Sigríður Þorvaldsdóttir kveðst tvisvar hafa hitt ákærða og

Ásbjörgu heitina s.l. sumar, í annað skiptið á heimili þeirra, eins og vikið er hér að framan. Segir Sigríður Ásbjörgu heitina þá hafa rokið svo upp, að hún hafi hvorki fyrr né síðar séð annað eins og engu hafi verið líkara en Ásbjörg heitin hafi verið alveg óð. Hún hafi slegið ákærða, hárreytt hann og hrækt á hann, en hann hafi ekki sagt eitt einasta orð. Ástæðuna til þessa ofsas Ásbjargar heitinnar telur Sigríður þá, að ákærði hafi ekki brugðið við nógu fljótt til að hella í glas Ásbjargar, sem verið hafi tómmt. Þá skýrir Sigríður Þorvaldsdóttir svo frá, að Ásbjörg heitin hafi í gleðskap þessum setið við hlið Ellerts Þorsteinssonar og ekki hagað sér kvenlega né giftri konu sæmandi. Hún hafi farið úr blússu sinni og brjóstahöldum, en ákærði hafi aðeins beðið hana að fara aftur í fötin, því að engum þætti gaman að sjá hana svona.

Þá hefur ákærði getið þess, að Ásbjörg heitin hafi verið með magasár og mjög hjartaveil.

Arinbjörn Kolbeinsson læknir kveðst hafa verið heimilislæknir þeirra hjóna frá því á árinu 1954. Segir hann Ásbjörgu heitina hafa verið með sár í skeifugörn, og að á árinu 1956 hafi hún verið lögð inn á Landspítalann til rannsóknar vegna meltingartruflana, taugaveiklunar og óþæginda frá hjarta, en á árinu 1959 hafi fundizt greinilegar truflanir á hjartastarfsemi hennar. Hún hafi um langan tíma verið búin að nota allmikið magn af róandi lyfjum og með köflum tekið kvalastillandi lyf vegna óþæginda af magasjúkdómi og taugatruflun, en eftir því sem hann bezt viti, hafi hún notað lyf rétt eftir forskrift, og að ekki hafi verið annað að sjá af innihaldi lyfjaglass þess, er áður getur og hún gaf ákærða eitt lyfjahylki úr, en hún hafi neytt lyfsins úr því eins og til var ætlað, en í dóminum sá læknirinn glas þetta og taldi lyfjabelgi þá, sem eftir voru í því, 10 að tölu, en lyfið var afgreitt í lyfjabúð 22. sept. s.l. og átti að neyta af því eins hylkis tvisvar á dag.

Eins og áður greinir, ber ákærði það, að Ásbjörg heitin hafi kallað hann Einar, áður en hann réðst á hana og barði hana, og segir ákærði sig gruna, að hún hafi átt við Einar Angantý Jónsson, gjaldkera hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Heiðargerði 46 hér í borg, en ákærði kveðst vita, að með þeim hafi verið kunningsskapur, áður en hann kvæntist Ásbjörgu heitinni, og jafnvel hafa haft grun um, að með þeim hefði verið einhver kunningsskapur, eftir að þau, ákærði og hún, gengu að eigast.

Gíslína Bergþóra Valdimarsdóttir segir, að sér sé kunnugt um,

að kunningsskapur hafi verið milli þeirra Ásbjargar heitinnar og Einars Angantýs, áður en þau ákærði og Ásbjörg giftust, en ekki viti hún til, að nokkurt samband hafi verið þeirra á milli eftir það.

Nokkrir íbúar að Laugarnesvegi 118, hjónin Jóhanna Guðbjörg Guðbrandsdóttir og Sigurður Þorkelsson, Björk Guðjónsdóttir og Þorgerður Bjarney Kristjánsdóttir, bera það, að þeir hafi orðið varir við, að Einar Angantýr kæmi s.l. sumar í greint hús, aðallega að kvöldi til, er ákærði var úti á sjó, og telja hann hafa verið að fara í íbúð ákærða, enda segist Þorgerður Bjarney í eitt skipti hafa séð hann fara inn í íbúð hans milli klukkan ellefu og tólf að kvöldi til og í annað skipti séð hann fara út úr húsinu seint um nótt eða árla morguns. Þá segjast þær Þorgerður Bjarney og Björk Guðjónsdóttir í eitt skipti s.l. sumar, að degi til, hafa séð Ásbjörgu heitina fara ásamt tveimur börnum sínum með Einari Angantý í bíl frá húsinu, og Sigurður Þorkelsson kveðst í eitt skipti að kvöldi til hafa séð þau Einar Angantý og Ásbjörgu heitina fara saman í bíl frá húsinu.

Einar Angantýr Jónsson skýrir svo frá, að hann hafi verið nokkuð kunnugur Ásbjörgu heitinni, og hafi þau kynnt á árinu 1947, er hann vann hluta úr degi hjá fyrirtækinu Akur h.f. hér í borg, þar sem faðir hennar vann einnig. Segir Einar Angantýr, sem þá var kvæntur, að allnáinn kunningsskapur hafi tekizt með þeim Ásbjörgu heitinni og honum, þau hafi hitzt oft og farið saman á dansleiki, en þau hafi aldrei, hvorki þá né síðar, haft líkamleg mök saman. Kveður hann kunningsskap þeirra hafa staðið í eitt ár eða liðlega það, en þá fallið niður. Nokkuð löngu eftir þetta kveðst Einar Angantýr svo að beiðni Ásbjargar heitinnar hafa aðstoðað hana við lánsútveg, svo að unnt yrði að greiða föður hennar hans hluta af sameignarbúi hans og þá verandi konu hans, móður Ásbjargar, en þau skildu. Þá kveðst Einar Angantýr ásamt öðrum manni hafa lánað Ásbjörgu heitinni eða einhverju venzlafólki hennar kr. 6000.00.

Alllöngu eftir að slitnaði upp úr kunningsskap þeirra Ásbjargar heitinnar og Einars Angantýs, kveður hann hana hafa beðið hann um að aðstoða sig við lánsútveg vegna fyrirhugaðra kaupa hennar og ákærða á íbúð inni í Heimahverfi hér í borg, en af þessum íbúðarkaupum hafi ekki orðið, svo að hann viti til, enda hafi hún ekki ámalgað þetta við hann aftur. S.l. sumar segir hann hana svo hafa aftur átt tal við sig um lánveitingu vegna kaupa á íbúð, sem hún og ákærði hafi virzt hafa haft hug á

að fá úthlutað úr bæjarbyggingum við Grensásveg, en hann þá tjáð henni, að á þeim íbúðum hlytu að hvíla svo stór lán á fyrsta veðrétti, að útilokað væri, að lán fengist til þessara íbúðarkaupahjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, sem ætlunin var að fá lán hjá.

Um mánaðamót ágúst og september s.l. eða fyrst í september s.l. kveður Einar Angantýr Ásbjörgu heitina svo hafa hringt til sín og beðið hann um að koma heim til hennar, en erindi hennar hafi verið að spyrja hann um, hvort hún og ákærði mundu geta fengið lán á frjálsum markaði til að geta staðið straum af útborgun í fyrirhuguðum íbúðarkaupum í greindum bæjarbyggingum.

Til að ræða um nefndar lántökur segist Einar Angantýr að beiðni Ásbjargar heitinnar í tvö til þrjú skipti hafa komið heim til hennar að kvöldi til og einnig þrjú til fjögur skipti s.l. sumar, án þess þó að eiga þá neitt sérstakt erindi til hennar, nema hvað hann hafi í eitt skiptið sótt til hennar afborgun af greindu 6000 króna láni. Kveðst hann tvívegis hafa þegið kaffi hjá henni, en farið þaðan um miðnætti eða nokkru síðar. Þá kveðst hann í eitt skipti hafa komið til hennar á laugardegi og að ósk hennar ekið henni og börnum hennar upp í Kjós, þar sem hún hafi heimsótt venzlafólk sitt, en þau hafi komið aftur til borgarinnar um eftirmiðdaginn, milli klukkan sjö og níu.

Ákærði skýrir svo frá, að þau hjón hafi búið í leiguíbúð að Laugarnesvegi 118, en fyrir jólin 1958 hafi þau fest kaup á ófullgerðri íbúð að Sólheimum 38 hér í borg, sem þau hafi svo selt aftur á árinu 1959, þar sem fyrirsjáanlegt hafi verið, að þau gætu ekki eignast hana.

Í byrjun árs 1959, er þau bjuggu að Hofsteigi 6, kveðst hann hafa tekið sér frí frá sjómennsku til að vinna við íbúðina, en í febrúarmánuði það ár, eftir því sem hann bezt muni, hafi Einar Angantýr Jónsson að beiðni Ásbjargar heitinnar komið til þeirra að kvöldlagi til að tala um möguleika á lánveitingu, en Einar Angantýr hafi beðið í bíl fyrir utan húsið, svo að hann kveðst hafa spurt hana, hvort hún ætlaði ekki að bjóða honum inn, því að vegna fjárhagsörðugleika hefði hann haft hug á að ræða við Einar Angantý um möguleika á lánveitingu og fallast á að taka lán fyrir milligöngu Einars Angantýs, þótt hann hefði áður verið því mótfallinn. Kveður ákærði Ásbjörgu heitina engu hafa svarað, heldur farið út í bílinn til Einars Angantýs og þau ekið brott, en hún hafi þá gengið með þriðja

barn þeirra hjóna. Ákærði segist svo einnig hafa farið út, en komið aftur heim til sín um miðnætti eða klukkan rúmlega eitt um nóttina. Er Ásbjörg heitin hafi verið ókomin heim um klukkan þrjú um nóttina, kveðst ákærði hafa farið brott af heimilinu og verið fjarverandi í fjóra til fimm mánuði, en þá horfið heim aftur, tíu til tólf dögum áður en hún ól þriðja barn þeirra.

Eftir að þau seldu íbúðina að Sólheimum 38, kveðst ákærði hafa frétt, að á vegum Reykjavíkurbæjar væri verið að byggja íbúðarhús við Grensásveg og Skálagerði og segist hafa sótt um að fá úthlutað íbúð við Skálagerði, en ekki farið fram á lánveitingu frá greindum sparisjóði vegna fyrirhugaðra kaupa á íbúð þessari.

Þórði Möller, yfirlækni í sjúkrahúsinu á Kleppi, sérfræðingi í tauga- og geðsjúkdómum, var falin rannsókn á geðheilbrigði ákærða. Í álitserð yfirlæknisins, dags. 22. desember s.l., er í stórum dráttum rakinn æfiferill ákærða, sem ólst upp hjá foreldrum sínum, þar til þau skildu, er hann var 4—5 ára gamall. Eftir það dvaldist hann hjá móður sinni og stjúpa, en hún giftist aftur, er ákærði var 11 eða 12 ára gamall, þar til hann kvæntist Ásbjörgu heitinni Haraldsdóttur hinn 29. desember 1951. Eignuðust þau saman þrjú börn, telpu fædda 10. maí 1954, og tvo drengi, fædda 16. ágúst 1955 og 22. ágúst 1960, en auk þess kveðst ákærði, áður en hann kvæntist, hafa eignast einn dreng, er nú muni vera um 12 ára gamall.

Ákærði lauk barnaskólaprófi, en hefur ekki notið annarrar menntunar, nema hvað hann var um hálfs árs skeið í iðnskóla, er hann lagði stund á rafvirkjanám.

Í álitserð yfirlæknisins segir, að ákærði muni hafa þroskast ósköp venjulega, en þótt í æsku skapmikill og hinn mesti ofstopi. Á unglingsárum hafi hann drukkið talsvert, en nú minna að eigin sögn, eins og raunar sakavottorð hans beri með sér. Hann hafi verið allafbrýðisamur, sambúð hans og Ásbjargar heitinnar hafi verið mjög brösótt, og yfirleitt hafi hún virzt vera á heldur lágu mannlegu stigi. Ástæða sé til að ætla, að Ásbjörg heitin hafi drukkið þó nokkuð, a.m.k. með manni sínum. Tvímæla-laust sé samkvæmt rannsókn á alkóhólinnihaldi í blóði, að Ásbjörg heitin hafi verið mjög drukkin, er atburðir þeir gerðust, sem mál þetta er risið af, og ákærði sennilega líka, því að þess ber að gæta, að þótt mjög verulega minna alkóhólmagn hafi fundizt í blóði hans, hafi hann haldið áfram að brenna alkóhóli

og það þannig eyðzt úr blóði hans, talsverðum tíma eftir að hún var látin.

Þá segir í álitssgerðinni, að ákærði muni mjög óljóst það, sem gerðist um nóttina, og komi þar sennilega til hvorttveggja sljógv-uð meðvitund af völdum vındrykkju og svo geðofsi, en honum sé fyllilega ljóst, hve illa sé fyrir honum komið, hvert ódæði hann hafi unnið, og að hann finni sér enga afsökun.

Enn fremur segir í álitssgerðinni, að greind ákærða virðist í lélegra meðallagi. Ekki sé unnt að finna neitt óeðlilegt innhverfi hjá honum, engar þvingunarhugmyndir eða ranghugmyndir, óeðli-legar rangtúlkanir, ofskynjanir, sjúklegar tilfinningalífssveiflur eða annað, er bent gæti á íbúandi geðveiki eða aðrar sjúklegar sálrænar truflanir.

Loks segir yfirlæknirinn svo í álitssgerð sinni:

„Álit mitt er því: Húbert R. Morthens er hvorki fáviti né geðveikur, og sennilega getur hann varla talizt geðveill, þó að hann eigi ýmislegt sameiginlegt með þeim afbrigðilega hópi manna, heldur er hann ofsafenginn maður, drykkjumanns son ur, sem sjálfum hættir mjög til að drekka illa, afbrýðissamur að auki, og aðfaranótt 1/10 1961 ræðst hann að konu sinni, að því er honum finnst þá að gefnu tilefni, *drukkinn og í reiði og afbrýði* misþyrmir henni, svo að hún bíður bana af.

Ekkert er það finnanlegt, er dragi úr sakhæfi hans.“

Eins og lýst hefur verið hér að framan, réðst ákærði að Ásbjörgu heitinni, barði hana og misþyrmði henni svo mjög, að hún lézt af áverkum þeim, er hann þannig veitti henni, en bæði af réttarkrufningsskýrslunni svo og af myndum, sem af líkinu voru teknar, er ljóst, að árás ákærða á konuna hefur verið ofboðs-leg. Að sögn hans hefur hún oft fallið í gólfið, meðan á þessu stóð, reynt að verja sig og hrópað á hjálp, en hann því engu skeytt, fyrr en hún loks stóð ekki aftur upp. Bar hann hana þá inn í svefnherbergið og lagði hana í rúm, en þá var hún dáiin eða lézt stuttu síðar.

Ekki er sannað, að ákærði hafi ætlað að svipta Ásbjörgu heitina lífinu, er hann hóf árásina á hana, en hitt má honum hafa verið ljóst, hverjar afleiðingar kynnu að verða af þessari hrotta-legu aðför að henni og misþyrmingu, sem virðast hafa staðið yfir í langan tíma, enda lætur hann ekki af þessu, fyrr en konan getur ekki lengur rönd við reist og liggur ósjálfbjarga á gólfinu, þá þegar látin eða að því komin að deyja. Þykir þessi verkn-

aður ákærða varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ekki eru aðrir en ákærði til frásagnar um atburð þennan eða um það, sem þeim Ásbjörgu heitinni og honum fór á milli, áður en hann réðst að henni, og verður því að byggja á frásögn hans, eins og hún er rakin hér að framan, að hann hafi fyllzt slíkri bræði vegna afbrýðisemi, sem hún olli hjá honum með því að kalla hann nafni annars manns hvað eftir annað, og eins, er þau voru að hafa samfarir saman, svo að hann hafi ekki getað haft vald á geðsmunum sínum, og þykir mega við ákvörðun refsingar taka tillit til þessa samkvæmt 75. gr. nefndra laga. Einnig þykir í þessu sambandi mega taka tillit til hegðunar ákærða, eftir að hann framdi hinn refsiverða verknað, sbr. 8. tl. 70. gr. laganna, eins og bæði skipaður sækjandi og skipaður verjandi málsins bentu á í málflutningi, en ákærði viðurkenndi þegar brot sitt.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 7 ár. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga ber gæzluvarðhaldsvist hans frá 2. október 1961 að koma refsingu hans til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda málsins, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, og skipaðs verjanda ákærða, Gunnlaugs Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 6000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Húbert Rósmann Morthens, sæti fangelsi í 7 ár. Gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 2. október 1961 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, og verjanda, Gunnlaugs Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 6000.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.